



Kristinn Astgeirsson, nær átt-ræður Eyjabúi, segir frá nokkrum atriðum í ævi sinni, en hann heldur um þessar mundir sína fyrstu málverkasýningu að Hallveigarstöð-um.




Þetta var húsið hans Kristins. Það stóð rétt við Skansinn, en fór undir hraun.



Hannes Lóðs á heimsiglingu.

Kristinn Astgeirsson heitir hann, 78 ára gamall Eyjamaður, föðurbroðir Asa í Bæ. Þetta er snar, unglegur karl, iðandi af lífsfjöri. Hann opnaði í gær málverkasýningu á Hallveigarstöðum, sína fyrstu sjálfstæðu sýningu, en áður tók hann þátt í samsýningu alþýðumálara, sem haldin var á vegum Listasafns ASÍ. Myndir hans eru sannar og einlæggar, og handbragðið gott. Hann gerði sína fyrstu stóru mynd árið 1952 en það var ekki fyrr en hann hætti vinnu á 75. Aldursári að hann tók að gefa sig óskiptan að því að

gera myndir. Hans mótív eru Eyjarnar fyrr og nú. Stíllinn í dag er sá sami og hann gerði sína fyrstu stóru mynd. Asi í Bæ ók með mig til Kristins og við settumst niður hjá honum á heimili sonar hans og tengda-dóttur, það er að segja skátaheimilinu í Hafnarfirði, en þar er fjölskyldan nú stödd effir hörmungarnar í Eyjum. Í spjallinu við Kristin kemur fram sama ein-lægnin og í myndum hans. Eg spyr fyrst um ætt og uppruna:



Kristinn: Ellin er góð ef maður hefur eitthvað að starfa og ef skemmtilegt fólk er í kringum mann.....

# Og svo kom hann Eyjólfur Eyfells...

Viðtal og myndir: Sigurjón Jóhannsson

— Eg er fæddur í Vestmannaeyjum 6. ágúst 1894. Foreldrar mínir voru Kristín Magnúsdóttir frá Berjanesi í Landeyjum og Astgeir Guðmundsson skipasmíður frá Auraseli í Rangárvallasýslu. Þau fluttust til Eyja 1885 og fengu þar lítið býli, sem var kallað Litli-Bær. Svo byggði faðir minn annað hús rétt upp úr aldamótum og það hélt sama nafni og heldur því enn. Það er uppistandandi, en á því hafa verið gerðar breytingar og endurbætur. Það er kaupmaður heima sem á húsið núna. — Hvað voruð þið mörg systkinin? — Við vorum átta; fimm bræður og þrjár systur. Núna erum við bara tveir bræður og ein systir á lífi. Eg var sjötti í röðinni og við þrjú yngstu erum á lífi. — Þú sagðir áðan að þú hefðir verið þrjá vetur í barnaskóla og það hafi verið öll skólagangan... — Já, mikil ósköp, eftir það var það bara vinna og aftur vinna, mest við sjávarstörf. 15 ára gamall byrjaði ég að róa að sumarlagi. 18 ára gamall byrjaði ég á vetrarvertíð — var seinþroska, en 19 ára gamall var ég orðinn formaður á árabát, að sumarlagi þó. Eg var nokkrar vetrarvertíðir á árabátum, en svo breyttist þetta, ég var nokkurn tíma á vélbátum, eignaðist svo lítinn vélbát og var með hann nokkuð lengi. Það gekk ljómandi vel. Enda upplífið ég almesta fiskiri sem Vestmannaeyingar muna — á árunum 1929 til 1935. Þá lá við að það væri meiri vandi að fiska ekki en að fiska. Þetta var mest þorskur, þá vildi enginn sjá ýsuna; hún borgaði rétt saltið. — Var alltaf hægt að taka á móti afla hjá ykkur? — Já, aldrei urðum við nú stöpp fyrir það, en það söfnuðust kasir fyrir hjá þeim sem verkubú fiskinn. Svo komu nú frátök í þetta annað kast, því að þetta voru litlir bátar.

**Eignaðist 10 drengi** — Efnabísta sémilega á þessum árum? — Eg hafði þungt heimili, eignaðist nú 9 drengi, og reyndar 10, því að ég eignaðist son áður en ég giftist. Heimilið var því fljótlega nokkuð þungt, en eftir að ég eignaðist trillubátinn var ég aldrei í vandræðum að hafa til hnifis og skeiðar. Það var aldrei hugsað hátt, og það var ekki fyrr en '42, að ég kaupi hús. En ég var alveg skuldaus um leið og ég flutti inn í húsið. Konan mín var færeysk, hét Jensína Nilsen, frá Kvívik í Færeyjum. Eg missti hana 1947. Núna eru fjórir synir mínir á lífi, tveir forust af slysförum, en hinir dóu á sóttarsæng. — Hvað ertu gamall þegar þú hættir á sjónum? — Eg fór í land vegna heilsu-bilunar árið 1949. Eg fékk svo oft brjósthimnubólgu og vinstra lungað var orðið fast vegna sam-gróninga. Fram að þessum tíma hafði ég alltaf stundað sjó á vetrarvertíðum, utan tvær vertíðir. Þá vann ég annan veturinn í skipasmíðastöð, en hinn veturinn í ýmsu snatti. Að sumarlagi var ég oft við fugla-veiðar. Lengi vel var eina afla-björgin hér í Vestmannaeyjum að ná í fisk og fugl. Eg var upplagður í þetta, eins og menn voru á þeim árum. Við byrjuðum á þessu strax strákar, að fara í fjöllin og síga, bæði eftir eggjum og fugli. Það var góður stuðningur hjá mér með þetta stórt heimili að ég var lögskipaður vigtarmaður hjá mér fram til 1968, er ég hætti alveg að geta unnið. Eg sat oft fyrir með vinnu þegar skip voru að koma með kol og salt. Eg taldi líka í þeim olútunnur, fiskpakka og allt svona. **Ekki eins og aðrir krakkar...** — Hvenær fannstu fyrir þeirri löngun að mála myndir? — Eg fann strax fyrir þeirri löngun drengur á barnaskóla-aldri. Eg sat hjá Arna Finnþoga-syni og við höfðum báðir gaman af að teikna — frihendis — ekki eins og aðrir krakkar, sem teiknuðu gegnum kalkipappír. Við vildum það ekki. Hann Árni á nú


heima hér í Reykjavík og hann teiknar ljómandi fallegar býantsmyndir og hefur haft sýningar á þeim. Það er hann sem útvegaði mér plássíð á Hallveigarstöðum. Hann Árni var fjöldamörg ár formaður á mótör-bátum, en þegar heilsan bilaði hjá honum fór hann í land. Hann sagði mér á sunnudaginn, að hann hefði ekki þróað annað frekar en vera áfram á sjónum. Já, já. — Þú málar þessa stóru mynd 1952. Hvernig stóð á því að þú gerðist svo djarfur að ráðast í að gera svona stóra mynd? — Sagði hann þér eitthvað til? — Nei, en hann bauð mér að koma til sín eitt haust og vera hjá sér. En ég hafði ekki ástæður til þess... það var ekki hægt. Þegar ég hætti vinnu á 75. ári, fer mér að leiðast svo mikið að hafa ekkert fyrir stafni og þá gaf ég mig meira að þessu. — Fannstu ekki vaxandi ánægjukennð? — Eg! Vissi varla hvað tímanum leið þegar ég var í þessu stundum. Það segi ég alveg satt.

**Svo kom Eyjólfur Eyfells** — Eg get sagt þér tildrögin að því. Svoleiðis var, að meðan ég var vigtarmaður teiknaði ég og málaði oft litlar myndir af bátum handa strákum, sem komu til mín þegar ég var að vigta. Fyrst teiknaði ég með býanti, en svo bauð ég einu sinni son minn að koma með úr Reykjavík öskju af vel göðum vatnslitum og góða pensla. Það væri ekki sama hvernig þeir væru og ég benti honum á að kaupa þá í Mál-aranum. Jú, þetta kemur hvortveggja, alveg það bezta sem hægt er að fá, og ég held áfram að mála litlar bátamyndir handa strákunum. Svo kemur þarna þekktur máleri, hann Eyjólfur Eyfells. Hann var að mála sama mótív og er á minni fyrstu mynd. Hann bauð mig um að geyma myndina fyrir sig í útihúsi, en ég hélt nú að hann gæti komið með myndina inn, og ég fór með hana í ágætt herbergi uppi á lofti. Þegar hann var búinn að drekka hjá mér kaffi og farinn, fór ég að virða myndina fyrir mér. Og ég hugsaði; ári væri nú gaman að vita hvort ég geti ekki rissað upp eitthvað í líkingu við þetta. Eg hafði líka klettinn fyrir augunum út um gluggann og þetta urðu til-drögin að minni fyrstu stóru mynd. Eftir þetta kom Eyjólfur aldrei svo til Eyja að hann kæmi ekki heim að skoða hjá mér og mála fyrir utan hjá mér, en hans uppáhaldsmótív voru austur-eyjarnar og Eyjafjallajökullinn.

— Enda sagði einn listmálari við mig: Þú hefur auðvísjanlega gaman af að mála. — Af hverju merkirðu það, spyr ég. — Eg sé bara handbragðið, sagði hann. **Mér leið illa á náýrsmótt** — Fannstu nokkuð á þér að gos væri í nánd? — Nei. Ekki fann ég það. Alls ekki að mér dytti svona lagað nokkuð í hug. En ég get ekki neitað því að mér leið svo illa síðastliðna náýrsmótt, að ég ætla ekki að lýsa því fyrir neinum, og ég bjóst við að mér yrði eitthvað mótrægt á þessu ári... ekki fyrir fjandann, eða eitthvað þannig. Nei, mig hefur aldrei dremt fyrir neinu, sízt að ég muni það. — Hvernig finnst þér ellin? — Hún er góð, ef maður hefði bara eitthvað að starfa. Ef folk er skemmtilegt í kringum mann þá

er hægt að taka ellinni eins og öðri. — Lestu mikið? — Já, ég hef lesið óhemju mikið í vetur. Það er eina sem ég hef gett síðan og fór að heiman að lesa — ég hef ekki dregið býants-strik. — Er ekki hugurinn heima í Eyjum? — Eg lét það allt vera... já, ekkert mikið. En auðvitað óska ég eftir því að allt væri eins og Framhald á bls. 15.

Bráðskemmtileg mynd frá gömlum tíma í Eyjum.



Kr. Asgeirss

## Sumarsýning opnuð í myndlistarhúsinu

Þar er til sýnis einkasafn dr. Gunnlaugs Þórðarsonar á verkum Gunnlaugs Schevings, alls 32 verk

I dag kl. 4 verður opnuð í myndlistarhúsinu á Miklatúni sumarsýning á verkum málara-anna Finns Jónssonar (5 verk, ný og gömul), Steinþors Sigurðssonar (5 verk er hann kallar öll mála verk), Guðmundu Andrésdóttur (fjögur verk sem hún kallar málverk), Braga Asgeirssonar (6 verk, mjög mis-munandi útfærð), Hjörleifs Sigurðssonar (4 verk sérkennileg hvað snertir litamefberð), Orlygs Sigurðssonar (10 verk, þar á meðal framúrskarandi teikningar af Arna Pálssyni og Steini Steinarr), Þorvalds Skulasonar (5 verk, öll nýleg), Ragnheiðar Jónsdóttur Ream (5 verk, sem skera sig nokkuð úr hvað snertir form og líti) og Hrólfis Sigurðssonar (3 verk, sem öll eru í einka-eign). Stærsti hluti sýningarinnar eru verk eftir Gunnlaug O. Scheving sem öll eru úr einkasafni dr. Gunnlaugs Þórðarsonar og konu hans Herdisar Þorvaldsdóttur. Þær myndir eru alls 32, málverk, vatnslitamyndir og klippmyndir. Á sýningunni eru 14 höggmyndir eftir Sigurjón Ólafsson, Guðmund Benediktsson, Jón Benediktsson, Hallstein Sigurðsson og Sigrúnu Guðmundsdóttur, sem hefur verið við nám lengstaf í Noregi. Margar myndanna eru til sölu. Sýningin verður opin daglega frá 4 — 10, fram til mánaðamóta, en lokad verður á mánudögum. SJ



Nokkrir listamannanna sem eiga verk á sýningunni

## Mánudagsmyndin í Háskólabíói er japönsk LÍFVÖRÐURINN

**YOJIMBO** (Lífvörðurinn) Leikstjóri: Akira Kurosawa Aðalhlutverk: Toskuro Mifume — Seizaburo Kawazu Isuzu Yamada — Eijiro Tono Um miðja átjándu öld ríkti öngþveiti í Japan. Silkiræktin stóð að vísu í blóma og hún gaf mikið fé í abra hönd, en í kjölfar gróðans jókst mjög fjárhættuspil í landinu, þessi óþögnuður æddi yfir eins og farsótt. Spilafíknin hélt ök fjöldann, bæði í stórborgunum og sveitaborgunum. Bændur seldu jarðir sínar til þess að geta velt sér í alls konar lystisemdum og eyðslu í borgunum, þó að gjallfífl stæði sjaldnast lengi. Mórð voru daglegir viðburðir og mannslífið yfirleitt ekki metið hátt. Dag nokkurn gerðist sá atburður, að til borgar einnar kemur gestur, sem á eftir að vekja mikla athygli. Maður þessi heitir Sanjuro, kallaður hinn sterki, enda rammur að afli. Kraftar hans eru líka það eina sem hann á, að viðbætti mikilli kænsku og „sumarai“-sverði hans, sem hann skilur aldrei við sig. Sanjuro er í atvinnuleit, og ekki líður á löngu að hann fái tilbod um að gerast lífvörður eða Yojibo, eins og það nefnist á japönsku, það er að segja verndari hinna nyriku. Spurning, sem Sanjuro þarf að ráða fram úr er aðeins sú, hverjum hinna nyriku hann eigi að láta bjónustu sína í té. Þegar Sanjuro tekinn höndum og honum misþyrmt hroðalega. Hann sleppur þó úr höndum böðlanna og heldur lífi. Með hjálpi þeirra fáu vana sem hann hefur eignast í borginni, leyntist hann í húsi einu og þar hressist hann, safnar kröftum á ný og óblast sinn fyrri þrótt. Þegar Sanjuro hefur náð sér aftur, ákveður hann að hreinsa duglega til í borginni og nú hefst úrslitarrustan. Hann leggur að velli með sínu þunga „sumarai“-sverði, alla sem eru honum í vegi og vilja hefja för hans. Friður er aftur kominn á í borginni og Sanjuro hinn sterki leggur af stað með „sumarai“-sverð sitt í leit að nýjum ævintýrum.